

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VII

Torf

til bygginga

Sigríður Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Torfhleðsla	3
Strengir og torfur	4
Hnausar, kekkir	8
Klömbruhnaus	8
Snidda	14
Glaumbæjarhnaus	15
Kvíahnaus	18
Grjót- og torfhleðslur	20
Orðskýringar	23
Nokkrar heimildir um torf og torfskurð:	27

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga beitir sér fyrir því að varðveita þekkingu um torfhleðslu, enda er Skagafjörður enn ótrúlega ríkur af torfhleðsluminjum. Það má skýra með hagstæðu veðurfari og því hve Skagfirðingar nýttu torf lengi til húsagerðar. Á árþúsundamótum stóð safnið fyrir rannsókn um hleðslugerðir í Skagafirði. Þá kunnu enn nokkrir Skagfirðingar torfhleðslu en aðeins örfáir nýttu sér þá kunnáttu. Torfhleðsluleifar, vítt og breitt um héraðið, hafa verið rannsakaðar og bornar saman í þeim tilgangi að halda til haga vitneskju um hleðslugerðir og afbrigði, sem tengja má mismunandi húsagerðum. Nokkur torfhlaðin hús í Skagafirði, þ.e.: Víðimýrarkirkja, Grafarkirkja á Höfðaströnd, Nýibær í Hjaltadal, bæjardyr á Reynistað og þingstofa, hluti bæjargangna og bæjardyr á Stóru-Ökrum. Þessi hús eru í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Hið sama gildir um Glaumbæ á Langholti sem Byggðasafn Skagfirðinga hefur haft til umráða frá því hann var friðaður 1947 og fer með eftirlit á bænum. Auk þessara bæja og bæjarhluta standa nokkur útihús, bæjarhús og húshlutar enn í Skagafirði.

Torftaka, torfverkun og torfhleðsla eru hverfandi handverk sem brýnt er að varðveita, annars er hætt við að kunnáttan hverfi og viðhaldi torfhúsa verði áfátt.

Athugið að orðskýringar eru við undirstrikuð orð í texta, aftan við megin lesmál, sjá bls. 22.

Starfsmenntasjóður styrkti útgáfu þessa heftis.

Torfhleðsla

Torf var gott byggingarefni í svölu veðurfari norðurs-ins. Fremur auðvelt er að nálgast það, það er auðvelt í hleðslu og það einangraði vel frá kuldunum. Óbrigðul torftaka var talin til mikilla hlunninda fyrir á öldum.

Torf er merkilegt byggingarefni. Það er hið seiga, grófa rótarkerfi mýrarplantna, sem myndar þetta rötarflekju sem hægt er að stinga upp með skóflu eða rista (skera) með ljá. Í besta torfinu eru hvorki lög af leir, né sandi. Þannig torf var notað fyrir dýnu í rúm og reiðing undir klyfbera á hest og dró nafn sitt af þeirri notkun og var kallað reiðingstorf. Í þurru torfi er mjög góð einangrun og var það notað milli þilja í timburhúsum langt fram á 20. öld.

Torfið heitir ýmsum nöfnum eftir því hvernig það er tekið úr mýrinni og hvernig það er útlits. **Torfur** og **strengir** eru rist með torfljá. Hnausar (kekki), eins og **klömbruhnaus** (*klambra*), **hornhnaus**, **kvíahnaus**, **Glaumbæjarhnaus** og **snidda** (kantsnidda, þaksnidda), eru stungnir með skóflu. Nöfnin fara eftir landshlutum.

Í gamla daga var klyfberi eitt mikilvægasta tæki til flutninga. Klyfberi er trébogi með trétindum, klökkum, þar sem á var hengdur varningur sem flytja átti langan veg. Klyfberinn var




lagður ofan á reiðing sem var dýna úr torfi og girt á hest með þremur gjörðum. Passað var að hún félli vel að hestinum áður en klyfberinn var girtur á.



Í Skagafirði eru enn víða leifar torfbygginga þar sem sjá má ýmsar hleðslugerðir, -aðferðir og viðhald. Myndin er af skemmu og reyk-
kofa að Nautabúi í

Hjaltadal árið 2000. Er bærinn stóð allur var reykkoftinn hlóðaeldhúsið.

Strengir og torfur



Mismunur á streng og torfu er sá að strengurinn er þykkari (með bakka) öðrum megin en deyr út til hinnar hliðarinnar. Torfur eru nær helmingi breiðari en strengir og þykkastar í miðju eins og teikningin sýnir. Þetta helgast af því að torfan, sem er tvöföld ljábreidd tvískera, er rist þannig að fyrst er rist eins og um streng sé að ræða og næst er rist á móti (hinn helmingurinn). Strengur t.v. Torfa t.h. Teikn. Sigr. Sig.

Norðurgafi baðstofunnar í Glaumbæ er hlaðinn úr strengjum sem ristir eru úr mýrinni með torfljá í þunnum lögum. Þök voru tyrfð með torfum eða grundartorfi.



Strengir og **torfur** eru lögð langsum og þversum á milli laga til að binda saman hleðslur úr hnausum. Þannig má segja að strengur og torfa sé í hlutverki „bindiefnis“ í torfveggjunum, þegar ekki er eingöngu hlaðið úr því efni, en þannig veggir voru strenghlaðnir í Skagafirði.



Torfur eru misbreiðar og misþykkar eftir því hvaða hlutverk þeim er ætlað.



Handfangið á torfljánum heitir skammorfi og er stutt, eins og nafnið gefur til kynna. Bestu skammorfin voru úr rótarhnyðju þannig að armar orfsins voru í heilu lagi og minni líkur á að það slitnaði í sundur við átökin, eins og hætta var með skammorfi sem var samsett skeytt saman. Á myndinni er tvískeri.



Sár eftir fyrstu torfuna sem tekin var úr mýrinni kallast **flagmeri** eða **flagmóðir**.



Torfa og **strengur** eru rist með torfljá og talað er um **torfristu** eða **torfskurð** þegar verkið er framkvæmt.

Torfljáirnir eru misbreiðir eftir því hvort um **einskera** eða **tvískera** er að ræða. Með tvískeranum, sem er styttri en einskerinn, réði ljábreiddin breidd strengsins.

Ef torfa var rist með tvískera var hún skorið í tvennu lagi, frá sín hvorri hliðinni. Einskeri er langur ljár svolítið íboginn. Með honum er hægt að rista torfu í einu lagi og er torfan þá ein ljábreidd. Það er talsvert meira átak að rista með einskera en tvískera og yfirleitt veggja manna tak.



Heytorf var skorið lengra en torf sem ætlað var í vegghleðslur og dregið úr flaginu á hestum.

Hér fyrir neðan er boga-hlaðinn uppgildaður gangna-veggur á Mið-Grund í Blönduhlíð. Einhvern tíma á 20. öld hefur verið tekið ofan af veggnum og hann hlaðinn upp með streng ofan á klömbruhleðsluna sem undir var og gæti verið frá 19. öld. Klamb-

ran hefur verið tekin úr afar leirríkri mýri, eins og sjá má á litnum. Leirríkt torf getur verið afbragðs byggingarefni ef veggurinn nær að þorna vel.





Við framkvæmdir koma oft í ljós eldgamla torfhledslur djúpt í jörðu og hægt er að sjá hvers konar hleðslugerðir menn kusu fyrir hús og önnur mannvirki fyrir á

öldum. Hér sést veggur sem hlaðinn var úr streng fyrir um 900 árum. Hann „fannst“ á kafi í Langhúshóli á Reynistað, undir öskulagi frá Heklugosi árið 1104, sem þýðir að hann var hlaðinn upp fyrir það gos.




Þök eru mismunandi að gerð, ýmist úr torfum eða sniddum. Hér sést hvernig torfur eru skaraðar á þak. Þær eru lagðar langsum eftir þaklengdinni og til háls hver ofan á aðra. Sköruð þök eiga að geta varið sig vel gagnvart veðrun þar sem seigt rótarkerfi mýraplantanna losnar ekki í sundur á sama hátt og jarðvegurinn sem fylgir snidduhnausunum getur gert, ef þökin fara að veðrast. Snidduþök eru afar góð að því leiti að sniddum fylgir mikill jarðvegur og þau gróa upp fyrir en þök úr eintómu torfi, sem í verða gróðurbreytingar þegar mýraplönturnar deyja og hverfa og þurrlendisgróður tekur yfir, strax á fyrstu árunum. Sjá skýringamynd bls. 15.

Hnausar, kekkir

Hnausar voru fyrrum stungnir úr flaginu með **páli** en í seinni tíð með **stunguskóflu**. Hér eru nefndar nokkrar tegundir af algengustu afbrigðunum, sem allir eru mismunandi í laginu. Hnausinn er tekinn úr flaginu, eins og annað torf, fluttur á þurrkvöll og látinn þorna áður en hleðsla hefst. Of blautt torf er hættulegt að því leyti að það þéttist er sígur úr því og veggurinn getur þá hreyfst um of, snarast og jafnvel rifnað sundur. Auk þess getur það hitnað og fúnað í stað þess að þorna. Mátulega þurrt torf er búið að bíða a.m.k. tvær vikur áður en hlaðið er úr því og þá er enn fremur auðvelt að skera það til. Of þurrt torf er hinsvegar örðugt í vinnslu og það leggst ekki eins vel nema það sé fullkomlega tilsniðið, sem getur reynst tafsamt verk og sljóvgað ljái. Grasljáir koma að góðum notum við að skera torfið til á meðan á hleðslu stendur og einnig við að snyrta vegginn eftir að hleðslu er lokið.

Klömbruhnaus er stunginn þannig að ofan frá myndar hann þríhyrning. Töluverður skái/halli er á stungunni, sem hleðslumaður ræður.



Á þessari teikningu sést hvernig klömbruhnausinn lítur út stunginn í flaginu (efst) og velt úr flagi (í miðju). Mjórrí endinn heitir sporður og liggur inn í vegginn. Þykkari endinn er hnakkinn. Í miðju sést hvernig klömbruhnausinn breytist þegar búið er að skera sæti á hnakkann fyrir strenginn, sem bindur hleðslurnar saman. Neðst sést mynstur klömbruhnausanna þegar þeir leggjast hlið við hlið og aðeins hnakkinn sést. Teikn. Sig. Sig.



Klömbruhnaus (klambra) er stunginn eins og þríhyrningur. Lengd klömbrunnar er misjöfn eftir því hver stingur og eftir því hvar á að nota hana. Klömbruhnausinn í miðjunni er eins og hann kemur fyrir úr mýrinni. Skáinn ræðst af stefnu stungublaðsins þegar stungið er. Hinum hnausunum er hallað í sín hvora áttina. Klömbrur eru lagðar á víxl í vegginn þannig að þær mynda skámunstur og standa á móti hreyfingu í sín hvora áttina er þær þjappast og veggurinn sígur.



Til vinstri á myndinni er stungupáll og undirristuspaði til hægri. Stunguskófla tók við af pálnum á 20. öld. Undirristuspaði var notaður til að rista upp grundar- og kringlutorf. Hann var einnig notaður til að rista ofan af sverði (mó) og þúfnakollum, til að slétta tún.



Þegar klömbruhnaus er lagður í vegg snýr hnakkinn út og sporðurinn inn. Hnausnum er velt á hlið þannig að gras, á annarri langhlið hans, snýr að næsta hnaus, kafnar.



Þegar klömbruhnausinn er sestur vel er hann snyrtur til. Skorið er utan af hnakk-anum og sæti fyrir strenginn, sem notaður er til að binda hleðsluna. Þykkari kanturinn, bakkinn er látinn snúa út og þynnri jaðarinn snýr inn.



Allur afskurður er settur inn í vegginn og troðinn vel niður, ásamt roftorfi eða öðru því efni sem haft er til uppfyllingar í vegginn. Mikilvægt er að þjappa allt veggefni vel og vandlega þannig að sporðarnir troðist vel og festist.





Því lengri sem sporðurinn er því betur binst veggurinn saman, en því þyngri er hnausinn og erfiðari í töku, meðferð og flutningi. Æskilegt er að taka torf þar sem hvorki er mikill mosi né gras og mikilsvert er að verja húsveggi fyrir gras-vexti því grasið heldur raka í torfinu og feygir það með tímanum.




Gaflhlað eldhússins á Nýjabæ í Hjaltadal (bls. 10) og skemmu og búra í Glaumbæ eru úr klömbruhnausum með streng á milli laga. Gaflar Nýabæjar eru nýhlaðnir en gaflar Glaumbæjar eru nokkurra áratuga gamlir og veðraðir. Gaflarnir eru tví-

hlaðnir þ.e. veggirnir eru eins að innan og utan. Ýmis litbrigði sjást í torfinu eftir því hvort torfmýrin var ríkari af mýrarauða eða leir. Þegar hleðslur eldast og veðrast hverfur ysta lag strengsins og klömbruhnausarnir verða áberandi útstæðir.

Þegar veggur er **tvíhlaðinn** mynda klömbruhnausarnir rými (mót) sem þarf að fylla með jarðvegi, mold eða roftorfi, og þetta vel jafnóðum og hlaðið er. Af og til (í annarri eða þriðju hverri röð) er nauðsynlegt að binda saman hleðslurnar með streng eða torfum sem lagðar eru þversum í hleðsluna. Þegar veggur er einhlaðinn er jarðvegur á móti hleðslunni og þarf að passa að þetta vel jarðvegsefni sem sett er á milli hleðslu og óhreyfðs jarðvegs. Strengur er lagður langsum á milli klömbruhnausanna til að binda vegginn saman og í annarri til fjórðu hverri röð eru torfur lagðar þversum. Teikn. Sigr. Sig.



Lágmark er að setja eina til tvær grjótraðir undir vegghleðslur til að rjúfa uppsog raka úr jarðveginum, í vegginn. Síraukur torfveggur grær fljótt upp og torfið fúnar, sígur og eyðileggst fyrr en veggir sem geta varið sig, eins og sagt var. Frost í vegg er slæmt því hreyfingin sem verður er hann þenst út við frostið og aftur er hann skreppur saman, þegar frostið fer úr, er óholl. Því meiri raki í vegg, því meira frost og meiri hreyfing.



Auðvelt er að hlaða fyrir horn með klömbruhnausum, en oftár voru horn hlaðin úr ferköntuðum all stórum hornhnausum, sem mynda 90° horn. Teikn. eftir Guðmund Hannesson.



Efri ljósmyndin er úr göngunum í Glaumbæ en sú neðri er af nýstungnum hornhnausum, sem eru 3×3 skóflustungur á kant.



Torf er misjafnt að gæðum. Í megin dráttum má segja; því meiri rætur því betra torf, í það minnsta í reiðing og dýnur. Eins og fyrr segir getur jafnvel verið til bóta að torfið sé leirríkt því ef það nær að harðþorna í vegg ver það sig afar vel. Sandur í torfi er yfirleitt ekki til ills, en getur þó verið varasamur og skal forðast að taka torf úr mýrum þar sem vötn flæða yfir og mikill framburður er af sandi. Þar sest hann til og myndar lög í torfið, sem rífur það í sundur.




Bogahlaðnar tóftardyr að Krossanesi í Vallhólmi. Þær eru hlaðnar úr hornhnausum, en veggurinn er klömbruhlaðinn með streng á milli.

Leifar klömbruhlaðins veggjar á um 1 m dýpi að Fögruhlíð í Austurdal. Í hnausunum er aska sem féll á landnámsstíma sem þýðir að þeir voru stungnir stuttu eftir landnámið.



Snidda getur verið mismunandi að stærð og lögun, eftir hlutverkum. Sniddustærðina má telja í „skóflustungum“. Fjórstungin tígullaga **kantsnidda** er smávaxin miðað við sex til sjöstungnar sniddur sem auk þess geta verið með ýmsu lagi eftir því hvar þeim er ætlað að vera. Sniddan er stungin með töluverðum skáa - ríflega skóflublaðshallanum - þannig að hún leggst eftir því hve mikill halli á að vera á þaki eða kanti. Þegar hlaðið er úr kantsniddu snýr hausinn (grasið) út og veggurinn er venjulega fljótur að gróa saman og verða fagurgrænn. Hleðslan sést því yfirleitt illa eða ekkert.




Á skýringarmyndinni sést munurinn á **kantsniddu** (1 efst) og **þaksniddu** (2 í miðju). Neðst (3) er sniddulaga hnaus sem notaður er í vegg og kallaður **Glaumbæjarhnaus**, sem líkist mest þaksniddu en er hentugur í vegg. Þessi hnausgerð er ríkjandi efni í veggjum gamla bæjarins í Glaumbæ. Hnaus þessi er lagður þvert á vegginn þannig að grasið drepst og hnausinn munstrar sig líkt og klömbruhnausinn. Teikn. Sigr. Sig.

Kantsnidda er fjórstungin eða oftar og þá stærri, eftir efni og ástæðum. Skóflublaðið ræður fletinum og halli sniddunnar fer eftir því hve brattur kanturinn á að vera, og hvort efnið er blautt eða þurrt.

Þaksnidda er stungin alveg eins, en höfð mun lengri. Þegar þaksnidda er lögð á þök er hún sniðin til á þakinu

eftir því hvernig hún leggst með næstu sniddum. Sniddan grær fljótt saman og er afbrags góð á þök.



Mynd af tvenns konar torfgerðum á sama þaki. Til vinstri er einfalt skarað torfpak (sjá ljósmynd bls. 9). Torfur eru lagðar hver ofan á aðra. Grasið snýr upp og þakið grær fljótt saman. Lögð eru tvö til þrjú lög ofan á nærþak úr þurru torfi eða birkihrísi/-hríslum, eða öðru timburverjandi efni sem lagt var þétt ofan á langbönd og árefiti. Þá var torflag, þá jarðvegur og áburður (skítur) og ofan á eitt til tvö lög af torfi. Hægra megin er þak úr þaksniddu, sem hægt er að leggja ofan á nærþakið þar sem stungan (skóflublaðslengdin) er um fet á dýpt og rótarkerfi plantanna næst óraskað og því fylgir mikill jarðvegur. Þessi þök eru fljót að gróa upp og endast vel ef þau sólþenna ekki og ofþorna á því stigi. Þá eru þau fljót að veðrast og geta fokið burtu. Teikn. Sigr. Sig.

Glaumbæjarhnaus er lagður á hlið í hleðslunni, þversum í vegginn og hafður jafnlangur veggbreiddinni. Langsum á milli laga er lagður strengur. Hnausendarnir mynda mynstur sem líkist klömbruhleðslu.



Í Glaumbæ er hnaushlaðinn túngarðsveggur umhverfis bæ og hús. Undir hleðslunni er ein grjótröð til að rjúfa raka-uppsog úr jarðveginum.



T.v. er kantur hlaðinn með **kantsniddu**. Þarna má sjá fjór- til sexstungna sniddu. T.h. er suðurveggur í göngunum í Glaumbæ sem hlaðinn er úr **Glaumbæjarhnaus** með streng á milli laga. Efst í vegg, fjær á mynd sér í klömbruhleðslu með streng á milli laga. Þarna er hægt að sjá margar torfhleðslugerðir, en bærinn, sem tekur yfir um 730 fermetra svæði, er torfríkasta hús landsins, þ.e. í því er langmest af torfi af öllum torfhúsum landsins og óvenju lítið af grjóti í veggjum.




Fjánhúsveggur á Krithóli á Neðribyggð. Leifar eldgamallar leirrikrar klömbruhleðslu er ofan á grjóthlaðinni undirstöðu veggjarins. Ofan á klömbrunni er hnausahleðsla úr roftorfi, sem gæti hafa verið tekin af gömlu þaki. Veggurinn hefur verið tekinn nær allur niður og endur-hlaðinn úr streng og roftorfi. Veggir úr rof-torfi eru yfirleitt lausir í sér þar sem gamalt / endurnýtt torf þjappast ver en þegar það er nýtt.




Hlöðuvegg á Svanavatni í Hegranesi. Neðst í veggnum er strengjabundin grjóthleðsla, þar ofan á er hleðsla úr svokölluðum kvíahnaus, og efst eru tvö klömbruhlaðin lög. Kvíahnausinn og klambran eru greinilega ekki tekin á sama stað á sama tíma, sem sýnir að hlaðan hefur verið gilduð upp a.m.k. tvisvar sinnum.

Kvíahnaus er fremur þægur, þ.e. auðveldur í efnistöku og stunginn upp með skóflu eins og aðrir hnausar. Vatn er látið síga vel úr honum í nokkra daga og þar næst er honum raðað í vegginn. Kvíahnausar hafa ekkert „grip“ inn í vegginn eins og sporðar klömbrunnar.



Kvíahnaus er stunginn, með litlum skóflublaðshalla. Teikn. Hörður Ágústsson.



Hér er sýnt hvernig kvíahnausum er raðað sitt á hvað, þvers og langs í vegg. Veglegur hornhnaus er á horni. Það þarf að passa hnausarnir leggist sitt á hvað yfir samskeyti og troða svo þétt fyllinguna á milli hleðsla að ekki spori í. Teikn. Guðmundur Hannesson.

Kvíahnaus virðist algengur í fjárhúsum, réttum og kvíum, eins og reyndar nafnið bendir til. Kvíahnausa-hleðslur þóttu ekki eins vandaðar og aðrar hleðslur, en ef þess var gætt að hnausarnir féllu vel hver að öðrum og vel var troðið og þéttað þá stóðu þeir lengi.



Þessi veggur er eingöngu úr kvíahnaus sem hlaðinn er sitt á hvað og er einnig notaður til að binda vegginn saman.

Þunnir túngarðar voru oft hlaðnir úr kvíahnausum og „toppaðir“ með sniddu eða **kringlutorfi/grundartorfi**, sem var tekið af þurru gamalgrónu og rótarþéttu túni eða vallendi. Kringlutorf er betur þekkt í dag undir nafninu þökur.



Á fjárhúsgafli á Hofi í Hjaltadal má sjá kvíahnaus sem lagður er flatur efst en látinn skáraðast neðst. Grjót er neðst í veggnum. Tyrft með grundartorfi/þökum.



Fjárhús á Skatastöðum í Austurdal með tvíhlöðnum veggjum úr grjóti og torfi. Þetta eru að mestu grjóthlaðin hús, en aðferðin byggist á að nota grjót og streng á víxl, þ.e. grjótið er lagt í streng alla vegg hæðina, bæði innan og utan.

Grjót- og torfhleðslur

Veggir búpeningshúsa voru oftar en ekki hlaðnir úr torfi og grjóti, a.m.k. upp til hálf. Fjós og hesthús voru úr torfi og grjóti í fulla hæð. Grjótið varði vegginn vel fyrir skepnum sem vildu hnoða þá og brjóta niður, ef þeir voru úr mjúku torfi niður í gólf. Hross áttu það til að naga og éta torfið, eins og þeir gjarnan gera við tréstauro þar sem þeir ná til þeirra og kýr og kindur voru fljótar að hnoða torfveggina til óbóta, við að klóra sér. Réttir voru oftast grjóthlaðnar, en réttir hlaðnar bæði úr torfi og grjóti voru vel þekktar norðanlands og þar má enn sjá torfríkar fjárréttir, sem enn standa, svo sem Kleifar-rétt á Skaga.



Tóftardyr á Ingveldarstöðum í Hjaltadal. Veggir og dyr eru hlaðin úr grjóti með streng milli laga. Ofan á er klömbru-hleðsla með streng. Skagfirsk búpeningshús voru yfirleitt mun grjótrikari en mannabústaðir.




Fjárhúsveggur á Halldórsstöðum úr klömbru og streng. Stallur við vegginn og ver hann. Á mótí var grjóthlaðinn veggur með streng á milli, ríflega upp til hálfs. Sums staðar má sjá í búpeningshúsum að veggir eru ekki eins báðum megin langhliða, þ.e. annar veggurinn er torfríkari en hinn. Það kann að helgast af því, ef um einstöðuhús er að ræða, að það hafi verið hest- eða fjárhús með stalli við torfríkari langvegginn.



Torfbyggingarefni, þ.e. klömbruhnausar og Glaumbæjarhnausar sem búið er að þurrka og stafla á bretti, býður flutnings.

Áður fyrr var torf flutt á þurrkvöll og þaðan þangað sem hlaða átti úr efninu á svokölluðum barkrókum. Barkrókar voru skúffulaga trégrindur sem hengdar voru upp á klakk á klyfbera sem girtur var á reiðing á hesti. Teikn. Bryndís Björgvinsdóttir.



Orðskýringar

árefti – tré var lagt ofan á langbönd til að fylla á milli sperra og langbanda, sem grunnur undir þekjuna. Notaðir voru allskyns afgangar, lurkar, gömul gólfborð eða þiljaleifar. Timbur sem áður hafði þjónað virðulegu hlutverki innan húss eða utan endaði oft sem árefti, og þaðan fór það í eldinn þegar þurfti að endurnýja þekjuna.

barkrókar - berandi krókar.

bindiefni – til að binda saman t.d. hleðslur, þ.e. þegar efni er lagt á víxl þversum og langsum í þeim tilgangi að þær standa betur.

feygir – komið af orðinu að fúna, torf fúnar á löngum tíma eins og timbur. Raki flýtir fyrir fúa.

flag – opið sár á jörðu þar sem torf hefur verið flegið af henni, þ.e. rist eða stungið upp.

gafl – endi, talað er um gafla á bæjarhúsum í stað enda eins og oft er sagt nú.

garði – upphlaðinn bálkur (jata) í fjárhúsum, milli króa, fyrir skepnur til að éta af.

gilda upp, uppgilding, kallast þegar ónýtur hluti veggjar er fjarlægður og hlaðinn upp með nýju efni og gerður þannig fullgildur aftur. Þegar gert er við í dag er hyllst til að hafa það af sömu gerð og fyrir var. Áður fyrr réðu fremur aðstæður og verkkunnátta þess sem gerði við.

Glaumbæjarhnaus – sem svo er kallaður er stunginn all langur hnaus og kenndur við Glaumbæ vegna þess að þetta afbrigði hefur hvergi sést í hleðslum annars staðar, en er ríkulega notaður þar í gamla bænnum. Óvíst er hve algeng þessi hnausagerð var en hann gæti hafa verið mun algengari en útlit er fyrir í dag. Það er auðvelt að villast á þessum hnaus og klömbruhnaus af því að báðir munstra sig eins í veggnum fljótt á titið. Glaumbæjarhnausinn er þó alltaf fingerðari að sjá en klambran.

grasljár – ljár sem settur er á orf og venjulega notaður til að slá gras með. Kemur að góðum notum sem hnífur við að snyrta torf og skera til.

grjótrík – mikið af grjóti, miklu meira en öðru efni, svo sem torfi.

grundartorf – er tekið á þurru svæði, t.d. á þétt grónu og rótarmiklu gömlu túni. Það var notað til að þekja / tyrfa með í stað mýrartorfs. Þá verða minni gróðurskipti í efstu lögum þaksins. Grundartorf var einnig kallað kringlutorf, eftir laginu. Við köllum það þökur í nútímanum

heytorf – þegar búið var að ganga frá heyjum á haustin, og hlaða þau upp í fúlgur í heytóftum, var tyrft yfir þau með afar stórum torfum, eins stórum og menn réðu við að ná úr flaginu. Torfurnar voru helst hafðar svo langar að þær næðu yfir heyið. Torfið var svo sett upp á hesta til að bera það á sinn stað. Kom oft fyrir að ungir folar voru látnir spreyta sig á heytorfunum, til að taka úr þeim hrollinn, sem sagt var, fyrst í tamningunni.

hnakki – klömbruhnaus er þannig stunginn að annar endinn er þykkari en hinn. Þykkari endinn er kallaður hnakki, en sá mjórri sporður. Talað er um að klömbruhnaus sé flatur í hnakkann.

hrís/hrísla – hrís er smávaxinn runni sem vex um allt land og var rifinn til eldiviðar fyrr á öldum. Það þótti gott til að verja þakviði undir nærbak, hrísla er smágrein trés, t.d. birkis, eða hríss. Víða erlendis eru lögð lög af trjáberki undir torf á þökum til að verja húsvidina og þannig hefur það vafalaust einnig verið hérlandis framan af öldum.

klambra – klömbruhnaus, heitir svo eftir laginu, en klambra var töng sem notuð var við að halda föstu, (klípa í) efni sem unnið var með. Að klambra saman var stundum haft um grófleg, klaufaleg vinnubrögð.

kringlutorf – sjá skýringu við grundartorf.

langband – er tréband, renningur, planki, sem neglt er langsum ofan á sperrukjálka (sperrur) til að binda, tengja þá saman.

mýraraudi – myndast við efnaveðrun bergs og safnast fyrir í mýrum. Fyrrum var rauðinn notaður til járnvinnslu (rauðablástur).

nærpak – neðsta lag, innra byrði torfpaks, úr þurru torfi, hrís eða birkihríslum, sem lagt er ofan á árefti til að verja timbrið.

óbrigðul – bregst aldrei

reykkofi – þar sem reykt var hangikjöt. Víða á bæjum var dittað að gamla hlóðældhúsinu og því haldið við og notað sem reykkofti fram undir aldamótin 2000 og sums staðar enn.

roftorf – kallast það þegar rifinn er gamall torfveggur eða stungið er upp þak og torfið endurnýtt til vegghleðslu eða –uppgildingar eða til að fylla upp og troða á milli í tvíhlaðna torfveggi. Roftorfsveggir gátu enst vel, en þeir þoldu illa hreyfingu og voru fljótrifnir þar sem gamalt þurrt torf lagar sig illa að öðru hleðsluefni og er alltaf laust í sér.

samsett – sett saman úr tveimur álmum, pörtum.

skarsúð – tréborð eru lögð á þaksperrur. Byrjað var neðst og næsta lag sett ofan á þannig að það náði að hluta til yfir neðra borðið. Þannig voru borðin sett hvert ofan á annað koll af kolli og leit súðin eins út beggja vegna, ofanfrá og neðan. Þetta voru timburfrek þök en lítil hætta var á að þau lækju, ef allt var með felldu.

skammorf – skammt orf, stutt orf.

skóflustungubreidd – miðað er við blaðbreidd stungu-skóflunnar.

snarast – hreyfast til. Torfveggur getur hnigið í aðra hvora áttina og jafnvel rifnað í sundur og snarast í „báðar áttir“.

snidda – orðið var áður oft skrifað sniðda. Hugsanlega er nafnið komið af því að sniddan var sníðin að því

hlutverki sem hún átti að gegna í hleðslunni, því eins og dæmin sanna þá er snidda einmitt stungin eftir því hvar og hvernig á að nota hana..

spora í – þannig að komi far, spor þegar maður gengur eftir veggnum.

sporður – Klömbruhnausinn er þannig stunginn að hann er þykkastur í annan endann en þunnur í hinn. Þykkari endinn heitir hnakki og er sá hluti hnaussins sem vísar út í vegghleðslunni. Þynnri endinn, sporðurinn, liggur inn í vegginn.

toppa – setja efsta lag torfs á, t.d. á þak eða vegg.

torfríkt – að mestu hlaðið úr torfi.

tóftardyr – dyr í búpeningshúsi (fjárhúsi, fjósi, hesthúsi) milli hlöðu og króar (húss).

klakkur – tindur úr tré sem stendur upp úr klyfberanum, einn á hvorri hlið og stundum einnig í miðjunni.

tvískeri – styttri gerð torfljás, lengri gerðin kallast einskeri.

tyrfa – leggja torf á t.d. þak eða ofan á vegg. Nú til dags er talað um að tyrfa þegar lóðir eða opin svæði eru þökulögð.

vallendi – völlum, þurr, slétt, vel gróin spilda með harðgerðu rôtarmiklu grasi.

Nokkrar heimildir um torf og torfskurð:

- Guðmundur Hannesson, 1919. Skipulag sveitabæja. Rv.
- Guðmundur Hannesson, 1942. (Iðnsaga Ísl. I, Í bókinni er kafli um áhöld til torfskurðar (bls. 5-15) og umfjöllun um torfveggi (54-67). Rv. Ritdóm um heimildagildi skrifa Guðmundar má lesa eftir Sigurð Nordal, 1944. „Sýnt í tvo heimana“. Tímarit Máls og menningar – 1 (bls. 71-75). Rv.
- Gunnlaugur Ó. Johnson, 1999. „Byggingarefnin torf og grjót“ (16-19). (Arkitektúr, verktækni, skipulag) 20. árg., 2.tbl. Rv.
- Hörður Ágústsson, 1998. Íslensk byggingararfleifið I. Rv.
- Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. Íslenzkir þjóðhættir. Rv.
- Nanna Ólafsdóttir, 1962. „Þróun í húsaskipan Íslendinga að fornu; nokkrar athuganir“ (304-320) Saga3. Rv.
- Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, 1983. Rv.

Á **Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands** eru svör 171 einstaklinga við tveimur spurningaskrár deildarinnar: nr. 16 um torfskurð og móverk og nr. 17 um húsagerð og vegghleðslu. Þar var spurt m.a. um torfskurð, hlífðarföt, áhöld, flutninga, þurrkun, torf til mismunandi nota, mismunandi gerðir af hnausum, þjóðtrú og reglur, hvernig hússtæði var mælt, vegghleðslu, endurbætur á torfveggjum, grjótnám, grjóthleðslu.